

# MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Grafarvogsblaðið

8. tbl. 35. árg. 2024 ágúst

Dreift ókeypis í öll hús í Grafarvogi



Ódýri ísinn



Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, ræðir hér við krakkana á Brekkuborg.

## Vigdís í heimsókn í Brekkuborg

- sjá nánar á bls. 2



**bfo.is**  
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA  
ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

FASTEIGNA  
MIÐLUN  
GRAFARVOGS

FASTEIGNAMIÐLUN  
GRAFARVOGS

FASTEIGNA-  
SALAN  
Í ÞÍNU HVERFI

Spöngin 11  
112 Reykjavík  
Sími 575 8585

[www.tmg.is](http://www.tmg.is)

Bifreiðaverkstæði  
Grafarvogs

Allar almennar  
bílavíðgerðir

Gylfahlöt 24 - 30 • 112 Reykjavík  
Sími 577 4477  
[www.bilavidgerdir.is](http://www.bilavidgerdir.is)

Þjónustuaðili

SSANGYONG CHEVROLET

## Lyf á lægra verði!



Einkarekið apótek

Leggjum áherslu á  
mjög góða þjónustu

Gott vöruúrval

Hægt að panta lyf  
á [www.rimaapotek.is](http://www.rimaapotek.is)  
og í síma 577-5300



# Grafarvogsblaðið

Útgefandi: Skrautás ehf. Netfang: [gv@skrautas.is](mailto:gv@skrautas.is)  
 Rittstjóri og ábm.: Stefán Kristjánsson.  
 Netfang Grafarvogsblaðsins: [gv@skrautas.is](mailto:gv@skrautas.is)  
 Rittstjórn og auglýsingar: Símar 698-2844 og 699-1322.  
 Útlit og hönnun: Skrautás ehf.  
 Auglýsingar: 698-2844 - 699-1322 - [gv@skrautas.is](mailto:gv@skrautas.is)  
 Prentun: Landsprent ehf.  
 Ljósmyndari: Katrín J. Björgvinsdóttir.  
 Dreifing: Póstdreifing.  
 Grafarvogsblaðinu er dreift ókeypis í öll íbúðarhús í Grafarvogi.  
 Einnig í Bryggjuhverfi.

## Enn von um sumar

Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að minnst enn og aftur á veðrið en fátt er okkur meira virði en gott veður.

Vorið þetta árið var kalt og afspymu leiðinlegt og því var í gangi óvenjumikil eftirvænting eftir góðu sumri. Leiðinlegt sumar í fyrra ýtti enn frekar undir væntingarnar. Núna er sumarið rúmlega hálfnað og lítið ber á þeirri gulu. Oftar en ekki er væta og kuldi.

Það hefur verið óvenju kalt í sumar og mun kaldara en mörg undanfarin ár. Þetta hefur ekki farið framhjá neinum. Undirritaður gerir eins mikið af því og hægt er að spila golf og það hefur varla komið sá dagur í sumar að maður hafi getað leikið hring á stuttermaból.

Oftar en ekki hefur derhúfan ekki dugað og mjög algengt að sjá kylfinga á ferðinni með gömlu góðu lopahúfuna sem aldrei klikkar. Þessi leiðinda tíð er þreytandi og ekki til að létta lundina.

Það er hart sótt að andlegri heilsu fólks þessa dagana. Veðrið er snar áhrifavaldur og svo er ástandið í heiminum ekki til að laga ástandið. Stríð geysa á mörgum stöðum. Geðveikir einræðisherrar stráðrepa fólk og börn og unglingar eru þar engin undantekning. Hætta er á því að dæmdur glæpamaður nái völdum í Bandaríkjunum en sá siðleysingi er til alls líklegur. Það er ósk margra að mjög svo frambærileg kona sem er í framboði í forsetakosningunum 5. nóvember nái að sigra Donald Trump. Kamalla Harris hefur verið að sækja í sig veðrið undanfarið og stendur vonandi uppi sem forseti að kosningum loknum.

Hér heima logar allt í illdeilum og ekki líður sá dagur að stjórnmalamenn munnhöggvist ekki í fjölmiðlum. Gildir þá einu í hvaða flokki viðkomandi eru. Sótt er að kirkjunni, kristni í landinu. Nú síðast var krossinn tekinn úr merki Kirkjugarða Reykjavíkur. Af hverju? Hverra hagsmuna var verið að gæta þar? Hvað gerist næst? Á líka að fjarlægja alla krossa úr kirkjugöðum landsins?

Um 80% landsmanna eru í þjóðkirkjunni. Það þarf að snúa þeirri þróun við að háværir minnihlutahópar nái að knýja fram slæmar breytingar. Kirkjan þarf að taka sér taki. Þar eigum við mikla von í nýjum biskupi, sr. Guðrúnu Karls Helgudóttur. Hún fer vel af stað og mun vonandi hafa bein í nefinu til að standa vörð um kirkjuna og allt það fólk sem á hana trúir.

Vonin er nauðsynleg og hana má aldrei vanta. Við vonum í lengstu lög að sumarið kiki við að lokum, minnug þess að september var langbesti mánuður síðasta sumars. Við verðum líka að vona að friður komist á í heiminum þó að það líti ekki vel út sem stendur.

Stefán Kristjánsson

[gv@skrautas.is](mailto:gv@skrautas.is)



Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi í Reykjavík ásamt leikskólabörnum og starfsmönnum Brekkuborgar.

## Vigdís gróðursetti í Brekkuborg

Mikil gleði ríkti á leikskólanum Brekkuborg í Grafarvogi í sumar þegar Vigdís Finnbogadóttir, fv. forseti Íslands heimsótti leikskólann og gróðursetti þar íslenskt birkitré með börnunum í tilefni

af 80 ára afmæli lýðveldisins.

Leikskólinn hefur verið með sérstakt þema í tengslum við lýðveldisafmælið um forseta lýðveldisins, þar á meðal

sýningu um ævi og störf frú Vigdísar fyrsta kvenforsetans. Börnin og starfsmenn hafa unnið að þessu verkefni af miklum metnaði.

# MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

### Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttina- og málningarverkstæði með 5 stjórn gæðavottun frá Bílgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.



Hafðu samband núna



Dragháls 6-8



567-0690



tjon@tjon.is



www.tjon.is

### Við þjónustum allar gerðir bíla

#### Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingarfélaga.

#### Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaleigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

# Hefur þú kynnt þér þjónustu Heilsuklasans?

Fjöldinn allur af námskeiðum fyrir  
byrjendur og lengri komna á  
öllum aldri.

## Hafðu samband:

[www.klasinn.is](http://www.klasinn.is)  
[mottaka@klasinn.is](mailto:mottaka@klasinn.is)  
599-1600  
Bíldshöfða 9



Léttara líf



Sterkari bein



60+ Námskeið



Jóga



# Lönguhnakkar - grískur réttur

- frábær réttur sem vert er að prófa

Kristjana Steingrimsdóttir, Jana, býður lesendum okkar upp á frábærar uppskriftir af fiskréttum.

## Grískur fiskréttur

800 gr. lönguhnakkar eða þorskhnakkar frá Hafinu.

1 sítróna skorin í grófa bita.

5 hvítlauksrif skorin í tvennt.

Nokkrar matskeiðar steinlausar olífur.

4 tómatar gróft skornir.

1/2 rauðlaukur skorinn gróft.

1 box steinselja gróft söxuð.

Olífuolífa.

Salt og pipar.

1 msk. marokkósk kryddblanda frá Kryddhúsinu.

1 krukka af laktósalasum salatosti frá Arna.

Blandið öllu saman í eldfast mót og setjið inn í 200 gráðu heitan ofn í um 20-25 mínútur.

Dásamlegur fiskréttur, verið óhrædd við að blanda meira af öðru grænmeti og finna ykkar uppáhalds fiskrétt.

Berið fram með íslensku banka-byggi eða nýjum íslenskum kartöflum og fersku salati.

Verði ykkur að góðu.

Kristjana Steingrimsdóttir (Jana)  
jana.is -www.instagram.com/janast



Gríski fiskrétturinn hennar Jönu er sannkallað lostæti.



## Við styðjum handboltann í Fjölni



# ALVÖRU ÚTSALA MÚRBÚÐARINNAR

**Síðustu  
dagar  
útsölnunnar**



**LAVOR**

Verð áður: 39.995 kr.

**20%  
afsláttur**

**31.996 kr.**

STM 160 WPS háþrýstidæla  
2500W 160bör



Verð áður: 33.995 kr.

**25%  
afsláttur**

**25.496 kr.**

Kaliber ferðagasgrill  
2 brennarar 5kW



Verð áður: 11.755 kr.

**20%  
afsláttur**

**9.404 kr.**

Trotec skrufvél



**Flísar**

Verð frá: **2.148 kr/m<sup>2</sup>**



**Harðparket**

Verð frá: **1.946 kr/m<sup>2</sup>**

**Mikið úrval  
af parketi  
og flísum  
20-50%  
afsláttur**



Verð áður: 19.995 kr.

**20%  
afsláttur**

**15.996 kr.**

Hrærivél 120C, 1200W 40-60ltr.



Verð áður: 25.995 kr.

**30%  
afsláttur**

**18.197 kr.**

Guoren TLY Sturtusett svart

Verð áður: 22.699 kr.

**30%  
afsláttur**

**15.889 kr.**

Rafsópur fyrir fúgur  
og illgresi 550W

Verð áður: 21.999 kr.

**25%  
afsláttur**

**16.499 kr.**

Hecht Slönguhjól  
20m slanga



Verð áður: 59.995 kr.

**20%  
afsláttur**

**47.996 kr.**

Ceravid Mr. Clever WC  
rimless sett með öllu



Verð áður: 79.995 kr.

**20%  
afsláttur**

**63.996 kr.**

Sturtuklefi 80x80x200  
m/brúsu



Verð áður: 18.995 kr.

**20%  
afsláttur**

**15.196 kr.**

Blaut- / Ryksuga 1400W,  
35l tankur



Verð áður: 48.865 kr.

**40%  
afsláttur**

**29.319 kr.**

Fjölnota sláttuorð 3-in-1

Verð áður: 2.899 kr.

**25%  
afsláttur**

**2.174 kr.**

Hagmans Premium V  
sænsk palla- & tréolia, 3ltr.



**Öll pallaolia og  
viðarvörn  
25% afsláttur**

Skoðaðu tilboðin á [murbudin.is](http://murbudin.is)

**MÚRBÚÐIN**

Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Ballettskóli Eddu Scheving að hefja 63. starfsárið

Ballettskóli Eddu Scheving var stofnaður árið 1961 er því að hefja sitt 63. starfsár. Í rúm 20 ár hefur skólinn haft útbú fyrir forskólaaldur í Grafarvogi en það er fyrir aldurinn 2-6 ára. Lengst af hefur skólinn verið með aðsetur í íþróttahúsi Hamrakóla. Kennsla fer þar fram á föstudögum en alla aðra daga vikunnar fer kennsla fram í glæsilegu húsnæði skólans í Skipholti 50c en þar eru tveir salir.

Í ár er skólinn einnig með starfsemi í Kópavogi.

Veturinn skiptist í tvær 12 vikna annir og endar haustönnin með foreldrasýningu í kennslusal en á vorin er skólinn með glæsilegar nemendasýningar í Borgarleikhúsinu.

Skólinn sérhæfir sig í kennslu í klassískum ballett en býður nú einnig upp á jazzballett og söngleikjadan fyrir forskóla og jazz/modern fyrir eldri nemendur. Hörku þjálfum fyrir

ballerínur sem geta ekki hætt að dansa á aldrinum 20-30 ára. Pilates tímar verða í boði. Ballett-fitness fyrir fullorðna og svo eru Silfur-svanir sem er prógramm fyrir 65 ára og eldri.

Vetrarstarfið hefst 11. september en innritun er hafin og skoða má allar upplýsingar á síðu skólans <https://bsch.is/> og betra er að hafa hraðann á áður en hóparnir fyllast.

Brynja Scheving er skólastjóri Ballettskólans hefur kennt öll árin sem skólinn hefur verið í Grafarvogi og ásamt henni er alltaf einn til tveir aðstoðarkennarar.

"Ballettinn er góður grunn fyrir svo margt og hvort sem börnin halda áfram að æfa ballett síðar þá er víst að grunnurinn sem þau fá er mjög góður. Í forskólanum læra börnin grunnstöður og æfingar í klassískum ballett sem hæfa þeirra aldri og þroska en skipt er í

hópana eftir aldri. Þau gera æfingar sem liðka og styrkja, læra að standa í röð og fylgja settum reglum. Litlum sporum og æfingum er svo flétt inn í litla látbragðsdansa og leiki eins og blómið, fíðildi, mýs og kisur sem dæmi. Þetta er mjög þroskandi og afar skemmtilegt prógramm sérhannað fyrir þennan aldur. Svo eftir því sem þau eldast og þroskast tekur meira alvara við." segir Brynja.

Ballettskóli Eddu Scheving nú á 3 stöðum. Í Grafarvogi, Kópavogi og Skipholti.

**Myndin sýnir nemendur skólans á glæsilegri nemendasýningu skólans í Borgarleikhúsinu s.l. vor. En á nemendasýningunum sem er án efa hápunktur vetrarins koma allir nemendur fram frá 3ja ára aldri.**



## Sumarstarfiðer öflugt í Kastalanum

Frístundaheimilið Kastali er staðsett í Húsaskóla og er eitt af 10 frístundaheimilum sem frístundamiðstöðin Brúin rekur. Þar hefur verið sumarfrístund fyrir börn fædd 2014-2017 og Fyrir frístundaheimili sem er tilraunaverkefni fyrir verðandi 1. bekklinga, börn fædd 2018.

Í sumarfrístund Kastala hefur ýmislegt verið brallað. Börnin eru skráð eina viku í senn og er alltaf byrjað á að halda barnafund þar sem börnin koma með hugmyndir að viðfangsefni vikunnar, svo sem ferðum, smíðjum og öðru sem þau vilja gera í frístundaheimilinu. Margar hugmyndir líta dagsins ljós á þessum fundum og því miður er ekki nægur tími til að framkvæma þær allar. Vinsælasta hugmyndin, sem kemur upp í hverri viku er: dóta- náttfata- og bangsadagur.

Börnin fóru í Gufunesbæ, grilluðu pylsur, spiluðu strandblak og klifruðu í klifurtúminn. Þau fóru í Húsdýra- og fjölskyldugarðinn; ásamt því að skoða húsdýrin sáu þau eðlur og froska og Sleggjan og Fallturninn voru vinsælustu tækin. Elstu börnin fóru á árabáta í Siglunesi og hittu síðan yngri börnin í Nauthólsvík þar sem þau léku sér á stöndinni að vaða og tína skeljar. Þau fóru í lautarferð í Hljóm-skálagarðinum og kíktu á nýja Parísarhjólíð í miðbæ Reykjavíkur. Þau fengu að kíkja í heimsókn í höfuðstöðvar KSÍ og hafa einnig farið á hin ýmsu söfn: Árbæjarsafnið, safnið í Aðalstræti, bókasafnið í Spöng, Sjóminjasafnið og í varðskipið Óðinn. Þá var farin ferð á KFC í Mosfellsbæ sem og Stekkjarflöt, bókasafnið í Kringlunni og hoppubelginn sem er þar fyrir utan auk Þjóðminjasafnsins og eldri börnin sigldu yfir til Viðeyjar og eyddu degi þar.

Heimavið í frístundaheimilinu hafa börnin tekið þátt í hinum ýmsu smíðjum; 17. júní föndur, hannað sína eigin íþróttatreyju í tengslum við EM í fótbolta og myndasögugerð. Einnig hafa þau spilað Buzz í playstation 2, byggt allskonar úr segulkubbum, plúskubbum og kaplakubbum, búið til dýnu- og teppahús, farið í hlutverkaleiki með búninga og fylgihluti og tekið þátt í íþróttaleikum þar sem öll börnin fengu að spreyta sig á hinum ýmsu íþróttum, hefðbundnum og óhefðbundnum.

Mjög vel hefur tekist með allt það sem hefur verið á dagskrá barnanna í sumar-

frístund Kastala og þau verið sát og glöð. Það er mikið lagt uppúr því að leyfa börnunum að hafa áhrif á viðfangsefni og að þau finni að þau hafi raunveruleg áhrif á dagskrána.

Skóla og frístundaráð Reykjavíkur ákvað að í sumar yrði gerð tilraun í Grafarvogi með það að börnin sem væntanleg eru í grunnskóla og frístundaheimili næsta haust myndu færa úr leikskólanum yfir í heilsdags starf í frístundaheimili frá 10. júní og vera þar fram að sumarlokun og koma svo aftur í ágúst og vera fram að skólabyrjun. Áherslan í starfinu hjá þeim er öðruvísi en í sumarfrístund þar sem börnin eru að læra á nýtt umhverfi og kynnast nýju starfsfólki og starfsfólki að kynnast þeim. Í upphafi var mest ver-

ð á heimavelli og í nágrenni frístundaheimilisins en smátt og smátt var aukid við og farnar lengri ferðir og voru börnin mjög dugleg að aðlagast nýjum aðstæðum.

Þau byrjuðu hverja viku á barnafundi þar sem þau fóru saman yfir mögulega dagskrá og komu með hugmyndir að því hvað þau langaði að gera. Þau eru mjög dugleg að leika sér með dótið í Kastala, hafa perlað mikið af risastórum myndum, unnið hópverkefni og leikið sér úti við. Hafa líka farið í nokkrar ferðir um hverfið og í strætó í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

Nú er skemmtilegu sumarstarfi lokið og framundan er vetrarstarfið sem börnin sækja í framhaldi af skóladeginum.



Verkefni eru fjölbreytt og skemmtileg í Kastalanum.

24. ÁGÚST

MenningarNótt  
CultureNight

MENNINGARNOTT.IS

SKRÁNING  
HAFIN

Ballett frá 2ja ára - Jazzballett  
Ballett-fitness - Silfursvanir 65 ára+  
Mat-pilates og 20-30 ára advanced

**BALLETTSKÓLI  
EDDU SCHEVING**

Skipholt • Kópavogur • Grafarvogur

Skóladagar

# 20% afsláttur af gleraugum

Ertu klár í skólann? Gott úrval af fallegum gleraugum í nýrri og endurbættri verslun Eyesland í Spönginni.

Tilboðið gildir einnig í Eyesland í Kringlunni, Glæsibæ og á Granda.

Dú getur bókað sjónmælingu á [eyesland.is](https://eyesland.is) með stuttum fyrirvara.  
Sjónmæling gengur upp í gleraugnakaup séu þau gerð í framhaldinu.  
Skólatilboðið gildir af umgjörðum og sjónglerjum fyrir námsmenn.

eyesland



Kringlan · Grandi · Glæsibær · Spöngin · Keflavíkurflugvöllur · [eyesland.is](https://eyesland.is)

# Stíflupjónusta Röramyndir Dælubíll



**VALUR  
HELGASON**

stifla.is | 896 1100

## Útfararstofa Íslands

Reykjavík • Kópavogi • Garðabæ • Hafnarfirði

Sólarhringsvakt: ☎ 581 3300

Komnum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

✉ utforia@utforia.is 🌐 www.utforia.is



Sveinir Einarsson  
Útfarastjóri  
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason  
Útfarastjóri  
S: 793 4455



Jóhanna  
Friksdóttir  
Umgjafi útlára



Guðmundur Ó. Jóhannsson  
Framkvæmdastjóri  
Umgjafi útlára  
S: 862 0537

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla



HeilsuKlasinn

## ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

**MEÐ TUDOR**

Eitt mesta úrval landsins  
af rafgeymum í allar  
gerðir farartækja



Traust og fagleg þjónusta • NÝTT: Vefverslun [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR**

**TUDOR**

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

## Fréttir

GV

# Velferð á þínum forsendum

- eftir Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur, forseta borgarstjórnar og oddvita Viðreisnar í Reykjavík

Þau sem hafa búið og alist upp í borginni þekka það vel hvernig borgin hefur breyst og stækkað. Sjálf ólst ég upp í Breiðholti inn á fullorðinsár og fluttist þaðan yfir ána í Árbæinn. Á þeim árum voru Árbær og Breiðholt útverðir borgarinnar. Nýju hverfin Grafarvogur og Grafarholt á teikniborðinu. Sem unglingur man ég eftir eldri kynslóðinni kvarta undan því að borgin væri að verða að alltof stór og myndi enda uppá Helliheiði. Við unglingarnir vorum hestánægð með þessa þróun, því með stækkandi borg fjölgaði tækifærum okkar til að gera eitthvað skemmtilegt. Veitingastöðum fjölgaði, bíóin og barimír urðu fleiri og ýmislegt varð til sem fylgir fjölgun fólks. Kringlan og nýr miðbær sem þar átti að rísa var aðal umræðuefnið og sitt sýndist hverjum. Fyrirsagnir um að dánartilkynningu miðborgarinnar voru tíðar og myndir af tónum Laugavegi voru daglegt brauð.

### Borgin er alltaf að breytast

Ástæða fyrir þessari upprifjun er áminning til okkar um að allt er breytingum háð. Þúsundir verða nýir Reykvikingar á hverju ári og bara frá árinu 2018 hefur meira en einn Mosfellsbær bæst við íbúafjölda borgarinnar. Slík fjölgun hlýtur að hafa mikil áhrif á ekki stærri borg en Reykjavík og þetta finnum við sem stýrum borginni. Öll þjónusta og innviðir, hvort sem við erum að tala um samgöngur, skipulag, menntamál, lýðheilsu eða velferðamál hafa tekið miklum breytingum á undanliðnum árum til að takast á við þessa mannfjölgun.

### 15% borgarbúa njóta velferðarþjónustu

Grunnur að góðri borg er lýðheilsa og velferð íbúa. En til þess að íbúar finni sér stað, blómstri og dafni þarf góðan stuðning og þjónustu. Góð velferðarþjónusta er þar grundvallaratriði. Sú fjölbreytta þjónusta sem borgin býður uppá má t.d. sjá í nýlegri

ársskýrslu Velferðarsviðs. Þar kemur fram að 15% borgarbúa eða um 21.000 íbúar borgarinnar njóta velferðarþjónustu borgarinnar. Notendahópur þjónustunnar hefur stækkað undanfarin ár og tekið þó nokkrum breytingum.

- 32% notenda velferðarþjónustu eru börn.
- Um 4.600 íbúar njóta samþættrar heimaþjónustu og þar af eru um 80% notenda heimahjúkrunar 67 ára og eldri.
- 777 notendur nýta sér akstursþjónustu og fóru 33.261 ferð árið 2023.
- 515 einstaklingar búa í húsnæði fyrir fatlað fólk.
- 88% notenda upplifa vingjarnlegt



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar og oddviti Viðreisnar í Reykjavík.

viðmót hjá starfsfólki.

Mikið magn áhugaverðra upplýsinga er að finna í ársskýrslunni og vil ég hvetja áhugasöm til að glugga í skýrsluna sem finna á má á [reykjavik.is](http://reykjavik.is).

**Engin er eins**

Mikil þróun hefur verið á þjónustu

við eldri Reykvikinga undan farin ár. Velferðarstefna borgarinnar er skýr og byggir á gildum um virðingu, virkni og velferð íbúa.

Reykjavík er í fararbroddi íslenskra sveitarfélaga með samþætta heimahjúkrun og heimaþjónustu, lýðheilsuáherslur á velferð, heilsueflingu, stafræna þróun og aldursvæna borg.

Eitt af grunnstefum velferðarþjónustunnar er að engin tvö eru eins. En hvað þýðir það í raun og veru? Jú, það þýðir að undan farin ár hefur verið stefnubreyting í velferðarþjónustu sem miðast að því að verið er að innleiða einstaklingsmiðaða þjónustu. Þannig er bæði tekið mið af þjónustuhöfðum höpsins t.d. aldrads fólks en þjónustan síðan miðuð að hverjum einstakling fyrir sig með því að kortleggja þarfir og skipuleggja þjónustuna, samskipti, eftirfylgni, endurgjöf og úrbætur. Þetta er mikil breyting sem kallar á aukin samskipti og upplýsingamiðlun. Þannig hefur þjónustan þróast á undanföllum áratugum frá því að tryggja eins samræmda þjónustu og hægt er, yfir í að tryggja nýja einstaklingsmiðaða þjónustu sem byggir á lögum, reglum og meginmarkmiðum. Þannig hefur þjónustan þróast frá því hver þekkir hvern, eins og þekktist vel á áttunda áratugnum yfir í almenna lögbundna þjónustu, í það að nú skal einnig taka mið af því að engin er eins.

### Takk, starfsfólk í velferðarþjónustu

Að lokum langar mig að þakka öllu því frábæra starfsfólki borgarinnar sem alla daga veitir íbúum borgarinnar velferðarþjónustu. Við ykkur vil ég segja, það er mikill árangur að 88% notenda upplifa vingjarnlegt viðmót. Slíkar tölur birtast ekki af sjálfu sér. Til hamingju með það.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir,  
oddviti Viðreisnar í Reykjavík og  
forseti borgarstjórnar

# Öflugt starf Barna- og unglíngakórs Grafarvoggs

Haustið 2023 hófst mikið kórasamstarf milli Tónlistarskólans í Grafarvogi og Grafarvogskirkju undir heitinu Barna- og unglíngakór Grafarvoggs.

Verkefni vetrarins voru ótal tónleikar í kringum jól og aðrar hátíðir. Á vorönn kom Barna- og unglíngakór Grafarvoggs að leikskólaverkefni sem hefur verið í þróun síðasta áratug þar sem leikskólaborn heimsækja tónlistarskólann, fá hljóðfærakynningu og að syngja við undirleik hljómsveitar tón-

listarskóla á tónleikum. Alls tóku tíu leikskólar þátt í verkefninu, Tónlistarskólinn í Grafarvogi, Skólahljómsveit Grafarvoggs og Grafarvogskirkja.

Hápunktur verkefnisins voru stórtónleikar í Grafarvogskirkju þar sem á sviði stigu yfir 300 börn á tvennum tónleikum en þau fluttu lög eftir Spilverk þjóðanna og Stuðmenn.

Næsta þrekvirki var frumflutningur og upptökur í samstarfi við fleiri kóra

hverfisins.

Barna- og unglíngakór Grafarvoggs og Kór Hamraskóla söng fyrir messu í útvarpi sem ómaði mæðradaginn 12. maí. Meðal annars frumfluttu börnin nýtt Grafarvogsljóð eftir stjórnanda barnakóranna, Auði Guðjohnsen ásamt hinum frábæru Vox Populi undir stjórn Láru Bryndísar organista Grafarvogskirkju.

Starfið heldur áfram af fullum krafti í vetur.



Grafarvogskirkja var þéttsetin þegar 300 börn fluttu lög Stuðmanna og Spilverksins á tvennum tónleikum.



LAUGARDAGINN 31. ÁGÚST

SÆLKERABÚÐIN BÝÐUR ÞÉR Á

# GRILLHÁTÍÐ

Á BITRUHÁLSI 2

BBQ FESTIVAL  
DAGSKRÁ 2024

FJÖLSKYLDUSKEMMTUN • *glóðheit sumartilboð*

HOPPUKASTALAR • TÓNLIST • PYLSUR & ÍS FYRIR BÖRNIN

FLJÓTANDI VEIGAR • KYNNING & SMAKK Á DÝRINDIS STEIKUM

GRILLSÝNING & SÝNIKENNSLA • LÚXUS MEÐLÆTI

AFSLÁTTUR AF ÖLLU ÞVÍ VINSÆLASTA



SÆLKERA  
- BÚÐIN -

SÆLKERABÚÐIN.IS



## Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

## 60 ára+ grunn- og framhaldsnámskeið

Bætt heilsa og aukin lífsgæði

Nokkrir hópar og tímasetningar í boði bæði á grunn- og framhaldsnámskeið.

### Hafðu samband:

www.klasinn.is  
mottaka@klasinn.is  
599-1600

 HeilsuKlasinn



## Fréttir

GV

# Haustið framundan!

Nú þegar langt er liðið á sumarið erum við mörg farin að huga að haustinu með tilheyrandi undirbúningi. Auglýsingar um skólahald, haustfatnað, skólatöskur, námskeiðahald og allskyns uppskeruhátíðir minna okkur á að sumri fer að halla og þá er tími til að huga að skipulagningu haustsins og vetrarins.

Við í Grafarvogskirkju tökum full tilhlökkunar á móti haustinu. Það eru spennandi tímar framundan hjá okkur og þó nokkrar breytingar hafa orðið sem flestum er kunnugt um.

Þann 30. júní sl. kvöddum við sr. Guðrúnu sóknarprest, sem tók við embætti biskups Íslands þann 1. júlí og mun verða vígð þann 1. september nk. Við munum öll sakna Guðrúnar og kveðjum hana með þakklæti og blessunaróskum.

Í öllum breytingum felast ný tækifæri og nú hefst nýr kaflí hjá Grafarvogssöfnuði með nýjum sóknarpresti og nýjum presti. Sr. Arna Ýrr tók við embætti sóknarprests og með hana í forystu erum við í góðum höndum.

Sr. Aldís Rut Grísladóttir mun hefja störf hjá okkur síðsumars og erum við öll himinlifandi með væntanlega samstarfskonu og hlökkum mikið til samstarfsins. Hilda María Sigurðardóttir guðfræðinemi bætist í hópinn og mun sinna æskulýðsstarfinu ásamt góðu fólki.

Við höfum þegar hafið skipulagningu vetrarins og starfið í vetur verður fjölbreytt og skemmtilegt með öllu því frábæra fólki sem kemur að starfinu. Á næstu dögum munum við kynna vetrarstarfið á heimasíðu

kirkjunnar og á samfélagsmiðlum. Helgihaldið, fermingarstarfið, æskulýðsstarfið, eldri borgarastarfið og vínahópa Grafarvogskirkju, sem og aðra viðburði kirkjunnar.

KIRKJA Í SÓKN á sannarlega vel við Grafarvogskirkju sem alla tíð hefur verið framsækin kirkja sem þjónar stærsta söfnuði landsins með fjölbreyttu helgihaldi sem alltaf er í þróun og skemmtilegar nýjungar í kirkjustarfi.

Helgihald og öll þjónusta kirkjunnar hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum og er fjölbreytnin mikil bæði hvað varðar messutíma og innihald. Það er gaman að koma í kirkju og kæmu örugglega mörgum á óvart hvað það er skemmtilegt og á sama tíma nærandi og uppbyggilegt.

Eitt af því góða sem kom út úr biskupskosningunum var umfjöllunin um starf kirkjunnar. Umræða sem var öll á jákvæðum nótum og birti allt það góða starf sem unnið er í söfnuðum landsins.

Í þessari umfjöllun birtist kirkja sem er sterk, fjölbreytt og í stöðugum vexti og þroska. Kirkja sem á fullt erindi við nútímann og er ekki bara fyrir sérvitringa sem vilja halda í gamlar hefðir og hlusta á kraftaverkasögur um Guð og Jesú.

Með nýjum biskupi er þjóðkirkjan á tímamótum. Sú vegferð mun verða kirkjunni til blessunar. Framtíðarsýn nýs biskups um kirkju í sókn sem á sér sjálfsagðan stað í samfélaginu, kirkju sem er stolt af sínum boðskap



Kristín Kristjánsdóttir, djákni í Grafarvogssókn.

og hefðum og trúir því að hún eigi fullt erindi við samtímann, kirkju sem er virt vegna þess að hún býður upp á andlega næringu og öruggt skjól í amstri dagsins, verður lyftistöng fyrir kirkjunna.

Samfélög taka alls kyns breytingum, það er óhjákvæmileg þróun.

Í dag er sagt að trúin skipti ekki eins miklu máli og áður fyrr. Það er vissulega rétt að því leitinu að trúaríðkun er ekki lengur eins sýnileg á opinberum vettvangi og mörgum finnst trú vera barnaleg og óskynsamleg því trú líti ekki rökhugsun og erfitt sé að rökstyðja trúarupplifanir.

Það getur alveg örugglega verið hið fínasta líf að lifa án kristinnar trúar, ég skal ekki segja til um, en í kirkjunni finnum við andlegt skjól og samfélag sem býður alla velkomna. Það er flókið að vera manneskja í heimi þar sem allt þarf að ganga hratt fyrir sig og það er sannarlega nóg að gera í hinu daglega lífi. Við lifum á tímum þar sem svo margir eiga í erfiðleikum með að öðlast sálarró og þá er gott að eiga þá björgunarlínu sem trúin og kirkjusamfélagið vissulega er.

Verið velkomin í kirkjuna ykkar. Hlökkum til að sjá ykkur.



Grafarvogskirkja.

eignaumsjon.is



## Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30  
Reykjavík | Sími 585 4800



## Lifrænar mjólkurvörur



BIOBU

1.-31.08

# GARÐAÚRGANGS- GÁMAR



## GYLFAFLÖT

ÞAÐ SEM MÁ FARA Í **GÁMANA:**

**MOLD**

**BLÓMA-  
AFSKURÐUR**

**GRAS**

**ILLGRESI  
OG ARFI**

**TRJÁ-  
GREINAR**



EKKERT **PLAST!**



**HP**   
**GÁMAR**

**NÝTUM ORKUNA Í AÐ FLOKKA**

# Íbúaráð Grafarvogs styður stækkun verndarsvæðisins

- „Ánægjulegt“, segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi

Íbúaráð Grafarvogs samþykkti á síðasta fundi sínum stuðning við tillögu Guðlaugs Þórs Þórðarson umhverfisráðherra um stækkun þess verndarsvæðis, sem fyrirhugað er að friðlýsa í Grafarvogi. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir samþykktina ánægjulega enda stúti hún um mikilvægt útivistarsvæði sem flestir Grafarvogsbúar vilji vernda.

Unnið hefur verið að tillögu um friðlýsingu Grafarvogs frá árinu 2021 í samvinnu Reykjavíkurborgar og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Ráðuneytið og Reykjavíkurborg eru ekki sammála um hversu stórt svæði skuli friðlýsa. Fulltrúar borgarstjórnarmeirihlutans, þ.e. Framsóknarflokkur, Samfylking, Píratar og Viðreisn, vilja lágmarka það svæði, sem á að friðlýsa, og hafa samþykkt að það fylgi fjöruborði vogarins.

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfisráðherra hefur hins vegar lagt til að mun stærra svæði verði friðlýst en meirihlutinn vill.

#### Afar stórt skipulagsmál

Kjartan segir að um sé að ræða eitt

stærsta skipulagsmál í Grafarvogi í langan tíma og því mikilvægt að vel takist til. „Flestir Grafarvogsbúar, sem ég hef rætt við, styðja hugmynd umhverfisráðherra um útvíkkun grenndarsvæðisins og við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðjum það einnig.“

Fulltrúar meirihlutaflökkanna í borgarstjórn vilja hins vegar hafa verndarsvæðið sem minnst og keyrðu tillögu um þrengri verndarmörk í gegnum borgarkerfið í desember sl. Meirihlutinn felldi á þeim tíma tillögu mína um að Íbúaráði og Íbúasamtökum Grafarvogs yrði gefinn kostur á að skila umsögn um málið. Ég ákvað því að flytja sérstaka tillögu um málið í Íbúaráðinu ásamt fulltrúum Íbúasamtakanna og foreldrafélaga í ráðinu. Afar ánægjulegt er að íbúaráðið skyldi á síðasta fundi sínum samþykkja tillöguna með öllum greiddum atkvæðum.“

#### Formaður íbúaráðsins sat hjá

Kjartan vísar til þess að tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks, Íbúasamtaka Grafarvogs, foreldrafélaga og slem-bivöldum fulltrúa. Fulltrúi Framsóknarflokksins, sem jafnframt er for-

maður ráðsins, sat hins vegar hjá við afgreiðslu málsins.

Með samþykktinni lýsir íbúaráðið yfir stuðningi sínum við tillögu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um stækkun þess verndarsvæðis, sem fyrirhugað er að friðlýsa í Grafarvogi. Verndarsvæðið nái þannig upp að göngustíg, sem liggur í kringum voginn og teygir sig jafnframt inn í skógræktarsvæðið við Funaborg.

Að austanverðu nái verndarsvæðið upp að Grafarlæk. Í samþykktinni er bent á að Grafarlækur sé mikilvægur fyrir lífríki Grafarvogs því hann sé stærsta inntak ferskvatns í voginn og skapi þar aðstæður, sem eru mikilvægar fyrir lífríki, ekki síst fuglalíf.

Með slíkri stækkun svæðisins muni það ná yfir jökulmenjar og menningarmínjar í innanverðum Grafarvogi, sem auki gildi þess í þágu fræðslu og útivistar.

#### Hlustað verði á Grafarvogsbúa

Kjartan segir samþykkt íbúaráðsins mikilvæga þótt hún hnekkir ekki ákvörðun umhverfis- og skipu-



Vinnukort vegna friðlýsingar Grafarvogs. Gula línan sýnir þau friðlýsingarmörk, sem meirihluti borgarstjórnar vill miða við. Rauða línan sýnir tillögu umhverfisráðherra um friðlýsingarmörk.



Kjartan Magnússon borgarfulltrúi.

lagsráðs Reykjavíkur frá því í desember. „Fulltrúar meirihlutaflökkanna keyrðu málið þá í gegn og komu í veg fyrir að Íbúaráð Grafarvogs og

Íbúasamtökin yrði gefinn kostur á að skila umsögn áður en ákvörðun væri tekin. Nú liggur skoðun íbúaráðsins fyrir og að henni standa m.a. íbúasamtökin og foreldrafélögin í hverfinu.

Mun ég nú kynna samþykktina á vettvangi borgarstjórnar og freista þess að fá fyrri ákvörðun endurskoðaða þannig að verndarsvæðið verði stækkað. Meirihluti borgarstjórnar vill sennilega hafa verndarmörkin sem þrengst til að koma sem mestri byggð fyrir í Keldnalandi samkvæmt trúboðinu um þéttingu byggðar.

Grafarvogsbúar eru hins vegar sammála umhverfisráðherra um að verndarmörkin eigi að vera víðari til að vernda hið mikilvæga útivistarsvæði sem þarna er,“ segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi að lokum.



## Skemmtileg hlutastörf í frístundaheimilunum í Grafarvogi

**Brosbær í Engjaskóla, Hvergiland í Borgaskóla, Kastali í Húsaskóla, Regnbogaland í Foldaskóla, Simbað í Hamraskóla og Tigrisbær við Rimaskóla** óska eftir góðu og hæfu fólki **18 ára og eldri** til að starfa með 6-9 ára börnum eftir að skóladegi þeirra lýkur. Meginmarkmið starfsins er að efla félags- og samskiptafærni barna í gegnum leik og skipulagt starf.

#### Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipuleggja og framkvæma faglegt frístundastarf fyrir 6-9 ára börn.
- Leiðbeina börnum í leik og starfi.
- Samráð og samvinna við börn og starfsfólk.

#### Hæfniskröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Áhugi á að vinna með börnum.
- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Færni í samskiptum.
- Góð íslenskukunnátta.



Í boði eru 20-50% störf milli klukkan 13 og 17.

Vetrarstarfið hefst 23. ágúst og best væri að viðkomandi gæti byrjað sem fyrst. Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Sameykis, frístundaleiðbeinandi er í launaflokki 234 og háskólamentaður frístundaráðgjafi launaflokki 252.

#### Nánari upplýsingar um starfið gefa:

María í Brosbæ s. 411-7770 / 695-5191 [María.Una.Oladottir@reykjavik.is](mailto:María.Una.Oladottir@reykjavik.is)

Ásgerður í Hvergilandi s. 411-7789 / 695-5198 [Asgerdur.Breidford.Olafsdottir@reykjavik.is](mailto:Asgerdur.Breidford.Olafsdottir@reykjavik.is)

Erla Bára í Kastala s. 411-5622 / 695-5194 [Erla.Bara.Ragnarsdottir@reykjavik.is](mailto:Erla.Bara.Ragnarsdottir@reykjavik.is)

Helga í Regnbogalandi s. 411-7231 / 695-5192 [Helga.Bryndis.Kristjansdottir01@reykjavik.is](mailto:Helga.Bryndis.Kristjansdottir01@reykjavik.is)

Magnús í Simbað s. 587-9050 / 695-5193 [Magnus.Petur.Bjarnason@reykjavik.is](mailto:Magnus.Petur.Bjarnason@reykjavik.is)

Ásrún í Tigrisbæ s. 411-7736 / 695-5196 [Asrun.Yr.Runarsdottir@reykjavik.is](mailto:Asrun.Yr.Runarsdottir@reykjavik.is)

Hægt er að sækja um á vef Reykjavíkurborgar:

[Skemmtileg hlutastörf í frístundaheimilum í Grafarvogi | Reykjavík](#)



Paintball liðið tilbúið í slaginn.

## Nýnemadagur í Borgó

Rúmlega 400 nýnemar setjast á skólabeck í Borgarholtsskóla nú í haust. Þann 19. ágúst var nýnemadagur í skólanum þar sem nýnemar í dagskóla komu í hús og fengu kynningu á skólanum og þeirri fjölbreyttu þjónustu sem í boði er, t.d. námsráðgjöf, bókasafni og nemendafélagi. Því næst hittu þau umsjónarkennara sína sem kenna þeim lífsleikni og kynntust samnemendum sem munu fylgjast að á skólaárinu. Nýnemum var boðið upp á grillaðar pylsur og ís í hádeginu áður en haldið var í Skemmtigarðinn í Gufunesi þar sem nemendur skemmtu sér saman í ýmiss konar hópefli.

Nýnemadagurinn tókst með eindæmum vel og veitti nemendum gullið tækifæri til að koma í skólann og kynna samnemendum sínum áður en formligt skólastarf hefst.



Nemendur skemmtu sér í mínigolfi í Skemmtigarðinum.

# Þessar þurfa að vera í boxinu þínu í sumar



Iða



Krafla gul



Krafla rauð



Krafla orange



Krafla blá



Krafla græn



Iða



Skröggur



Grænfríðungur



Elsa



Grima blá



Kolskeggur



Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)



Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)



Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)



Krafla keilutúpa - Tungsten (Mjög þung)

## „Íslenska landsliðið“ í silungaflugum



Beygla




Beykir




Krókurinn



Mýsla



SilungaKrafla bleik



SilungaKrafla orange



Krafla.is

íslensk fluguveiði

**Kíktu á Krafla.is**

- Gjöfular, fallegar og sterkar flugur  
- Íslensk hönnun

Uppl. í síma 698-2844 og 699-1322

# Vel skipulögð endaíbúð með miklu útsýni

- til sölu hjá Fasteignamiðlun Grafarvogs Spönginni 11

Fasteignamiðlun Grafarvogs kynnir í einkasölu eignina Fróðengi 10, 112 Reykjavík, nánar tiltekið eign merkt 02-03, önnur hæð til hægri, fastanúmer 203-9255, stærð 114.9 m<sup>2</sup> þar af er íbúð 93,5 m<sup>2</sup> og bílskúr 21,4 m<sup>2</sup> sem er ásamt öllu því sem eigninni fylgir, þar með talið tilheyrandi lóðar og sameignarréttindi.

Hér er vel skipulögð 3. herbergja endaíbúð með miklu útsýni á annarri hæð að Fróðengi 10 í Grafarvogi.

Komið er inn í forstofu með fataskáp og dúk á gólfi, þaðan er á vinstri hönd opið rými þar sem er hol-

stofa, borðstofa og eldhús en á vinstri hönd er gangur þar sem eru herbergin, þvotthús/geymsla og baðherbergi.

Stígagangur er bjartur og rúmgóður.

Nánari lýsing.

Eldhús með góðum ljósum innréttingum og borðkrók, dúkur á gólfi.

Stofa og borðstofa eru bjartar og rúmgóðar, gengt er úr stofu út á góðar suðursvalir, dúkur á gólfum.

Herbergin eru björt og rúmgóð með skápum og dúk á gólfum.

Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf og með ljósri innréttingu, sturtulefa og tengingar fyrir þvottavél.


Mikið og gott útsýni er úr íbúðinni og stutt í alla þjónustu í Spönginni svo sem heilsugæslu, verslanir, apótek og bókasafni.

Einnig er stutt í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Hafið samband við Ólaf Kristjánsson olafur@fmg.is í síma 786 1414 eða Ingunni í síma 612 0906 ingunn\_7@hotmail.com til að bóka skoðun.



Eldhús með góðum ljósum innréttingum og borðkrók, dúkur á gólfi.



Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf og með ljósri innréttingu.



Stofa og borðstofa eru bjartar og rúmgóðar, gengt er úr stofu út á góðar suðursvalir, dúkur á gólfum.

## MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!



Sigrún Stella Einarsson  
dóttir Löggiltur fasteignasala, fyrirtækja- og skipasali s. 8240610



Árni Þorsteinsson  
reksstrar-hagfræðingur. M.Sc. löggiltur fasteignasala og skipasali s. 898 3459



Ólafur Kristjánsson  
löggiltur fasteignasala og skipasali s. 786-1414



Ingunn Þorsteinsdóttir  
Nemi í lög-gildingu fasteignasala s. 612-0906



Anna Friðriksdóttir  
löggiltur fasteignasala og skipasali, anna@fmg.is s. 892-8778

## FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS



Spöngin 11 - 112 Reykjavík  
Sími 575 8585. Opíð 10-17 mán.-föst

### Vantar allar gerðir eigna á skrá



SVEIGHÚS - EINBÝLI - TVÖFALDUR BÍLSKÚR

Mjög gott einbýli á fjórum pöllum ásamt tvöföldum bílskúr. Fimm svefnherbergi. Stúdíóíbúð. Vel skipulögð og snyrtileg eign.



BREIÐAVÍK - 3. HERB. - PALLUR

Falleg 95,7 fm íbúð á jarðhæð með palli til suðurs með heitum potti. Fallegar innréttingar og gólfefni, nýlegar innréttingar í eldhúsi.



HLÍÐARHJALLI - 4. HERB. - BÍLSKÚR

122,2 fm herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð auk 28,8 fm bílskúrs með bílarafmagni. Falleg og mjög björt íbúð með miklu útsýni, suðvestur svalir.



FJALLAKÓR - EINBÝLISHÚS MEÐ BÍLSKÚR

234,4 fm einbýli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Þrjú svefnherbergi auk stúdíóherbergis með baðherbergi. Bjart og fallegt hús með miklu útsýni og fallegri lóð. LAUST VIÐ KAUPSAMNING




LANGHOLTSVEGUR - 3. HERBERGJA

83,1 fm 3ja herbergja íbúð á efri hæð í litlu fjölbýli í hjarta Reykjavíkur. Íbúðin er nýlega innréttuð á fallega hátt og er hún björt og vel skipulögð.

Sími 575 8585

FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI

www.fmg.is



# Kirkjufréttir

Í vetur verður mikið um að vera í Grafarvogssöfnuði, bæði í kirkjunni og Kirkjuselinu

## Guðsþjónustur í kirkjunni

Alla sunnudaga eru guðsþjónustur í kirkjunni kl. 11:00. Guðsþjónustuhald þar er fjölbreytt og messuformið klassískt. Kór Grafarvogskirkju leiðir þar söng.

- Sunnudaginn 1. september kl. 11:00 verður helgistund.
- Sunnudaginn 8. september kl. 11:00 verður innsetning sr. Örnú Ýrrar Sigurðardóttur í stöðu sóknarprests og innsetning sr. Aldísar Rutar Gísladóttur í stöðu prests.
- Sunnudaginn 15. september er fermingarbörnum í Foldaskóla ásamt fjölskyldum þeirra sérstaklega boðið í guðsþjónustu. Pálínuboð og fundur á eftir um fermingarundirbúninginn.
- Sunnudaginn 22. september kl. 11:00 er fermingarbörnum í Víkur- og Rimaskóla ásamt fjölskyldum þeirra sérstaklega boðið í guðsþjónustu. Pálínuboð og fundur á eftir um fermingarundirbúninginn.

## Guðsþjónustur í Kirkjuselinu

Alla sunnudaga yfir vetrartímann eru Vörðumessur í Kirkjuselinu kl. 13:00. Þetta eru einstakar stundir með mikilli tónlist. Vox Populi leiðir þar söng.

- Sunnudaginn 15. september kl. 13:00 verður fyrsta Vörðumessa haustsins.

## Sunnudagaskólinn hefst 8. september

Sunnudagaskólinn verður á neðri hæð kirkjunnar alla sunnudaga kl. 11:00. Brúðuleikhús, tónlist, sögur, leikir og annað skemmtilegt. Umsjón hefur Hilda María Sigurðardóttir. Undirleikari er Stefán Birkisson.

## Helgistundir á þriðjudögum í Kirkjuselinu

Helgistundir eru alla þriðjudaga í Kirkjuselinu í Spöng kl. 10:30. Stundirnar eru opnar öllum.

## Kyrrðarstundir hefjast á ný 10. september

Kyrrðarstundirnar eru í Grafarvogskirkju alla þriðjudaga kl. 12:00. Þær eru opnar öllum og á eftir er boðið upp á léttan hádegisverð á afar vægu verði. Tekið er við fyrirbænaefnum í kirkjunni.

## Helgistundir á Hjúkrunarheimilinu Eir

Helgistundirnar eru haldnar fyrsta fimmtudag í mánuði allt árið um kring.

## Barna- og unglíngastarfið

Mikið og fjölbreytt starf er í boði fyrir börn og unglínga í Grafarvogssöfnuði. Starfið er bæði í boði í kirkjunni og Kirkjuselinu og hefst fyrstu vikuna í september. Starfið verður auglýst sérstaklega á heimasíðunni, Facebooksíðunni og á Instagram. Nánari upplýsingar um starfið og dagskrár er að finna á heimasíðu kirkjunnar. [www.grafarvogskirkja.is](http://www.grafarvogskirkja.is)

## Fermingarfræðslan hefst skv. stundaskrá 10. september.

Skráning er á <https://www.grafarvogskirkja.is/fermingar/skraning/>

## Félagsstarf fullorðinna hefst 10. september

Opið hús verður í kirkjunni alla þriðjudaga kl. 13:00-15:00 fyrir eldri borgara og önnur sem hafa lausa stund á daginn. Stundin hefst á fræðslu eða skemmtiefni og samsöng í kirkjunni. Þá er boðið upp á handavinnu, spil og spjall. Síðan er kaffi og veitingar í boði á vægu verði.

## Djúpslökun hefst á ný í september.

Tímarnir hefjast á léttum æfingum til að undurbúa líkamann fyrir djúpa og góða slökun. Tímarnir henta bæði þeim sem eru byrjendur í jóga og lengra komnum. Djúpslökunin er gjaldfrjál og tímuna leiðir Jarþrúður Karlsdóttir jógakennari.

## Barna- og unglíngakór Grafarvogs í Grafarvogskirkju

Kórstjóri er Auður Guðjohnsen. Hljóðfærasmíðu kennir Sævar Helgi Jóhannsson. Skráning mun fara fram á [www.tongraf.is](http://www.tongraf.is) Hægt er að nýta frístundastyrk. Dagsetningar æfinga og allar nánari upplýsingar verða auglýstar í september.

## Kór Grafarvogskirkju og Vox Populi

Kirkjukórinn æfir á miðvikudögum kl. 19:30.

Vox Populi æfir á miðvikudögum kl. 19:30. Upplýsingar veitir Lára Bryndís Eggertsdóttir [lara@grafarvogskirkja.is](mailto:lara@grafarvogskirkja.is)

Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir!

## Prjónaklúbbur Grafarvogskirkju

Prjónaklúbbur er í Grafarvogskirkju annan hvern þriðjudag kl. 20:00.

Hann er fyrir þau sem langar að hittast og spjalla um og yfir handavinnu.

Við bjóðum nýja og eldri þátttakendur hjartanlega velkomin og viljum sjá sem allra flest og einmitt þig!

Sjá nánar á Facebooksíðu Prjónaklúbburinn í Grafarvogskirkju.




## Vigðir þjónar safnaðarins:

Arna Ýrr Sigurðardóttir sóknarprestur [arna@grafarvogskirkja.is](mailto:arna@grafarvogskirkja.is)

Sigurður Grétar Helgason prestur [sigurdur@grafarvogskirkja.is](mailto:sigurdur@grafarvogskirkja.is)

Aldís Rut Gísladóttir prestur [aldis@grafarvogskirkja.is](mailto:aldis@grafarvogskirkja.is)

Kristín Kristjánsdóttir djákni [kristin@grafarvogskirkja.is](mailto:kristin@grafarvogskirkja.is)




Sími: 587 9070

Netfang: [grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is](mailto:grafarvogskirkja@grafarvogskirkja.is)

Heimasíða: [www.grafarvogskirkja.is](http://www.grafarvogskirkja.is)

Likesíða á facebook: Grafarvogskirkja Grafarvogi

Instagram: [grafarvogskirkja\\_grafarvogi](https://www.instagram.com/grafarvogskirkja_grafarvogi)



Vekomin í kirkjuna þína!



# Silli kokkur Höfðabakka 1

- Villibráð með stöðugum nýjungum á matseðli
- Skemmtilegur staður fyrir fjölskyldur, vini, afmæli eða vinnustaði
- Barnamáltíð á 500 kr. og safi og ís í desert innifalið
- Notaleg stemning fyrir allan aldur og oft uppákomur um helgar



## Jólin nálgast!

Sala er hafin á okkar vinsæla villibráðar- og jólahlaðborði á

***sillikokkur.is***

og matseðlar eru kynntir þar. Okkar glæsilegu hlaðborð verða í boði alla föstudaga og laugardaga í október, nóvember og desember



Silli Kokkur - S: 5691-5976 - [sillikokkur.is](http://sillikokkur.is)